



R E G L U R

um leikskólabjónustu í Fjarðabyggð

Leikskólar Fjarðabyggðar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 og Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 en námskránni er ætlað að vísa ólíkum hagsmunaaðilum í skólasamféluginu veginn hvað varðar stefnu og hugmyndafræði leikskólastarfs.

Fjarðabyggð starfrækir leikskóla í öllum byggðakjörnum sveitarfélagsins. Á heimasíðu Fjarðabyggðar er að finna ýmsar upplýsingar um leikskólana.

Reglur um leikskólabjónustu í Fjarðabyggð gilda um umsókn og innritun í leikskólana og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

1. Umsókn og innritun

Umsókn og innritun í leikskóla fer fram hjá hverjum leikskóla en umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðum leikskólanna undir tenglinum „Um leikskólan - leikskólaumsókn“. Leikskólastjórar aðstoða við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl ef þess er óskað.

Miðað er við að börn geti hafið leikskóladvöl við eins árs aldur. Sækja má um vist í leikskóla um leið og kennitala barns hefur verið skráð. Börn eru skráð á biðlista og raðast þau á listann eftir fæðingardegi og ári. Þegar sótt hefur verið um leikskóladvöl fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttokin. Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst, sjá þó í 4. gr. um forgang. Hægt er að leggja inn umsókn fyrir sama barn í fleiri en einn leikskóla í Fjarðabyggð. Prátt fyrir að barnið sækji leikskóla í annan byggðakjarna getur það engu að síður verið áfram á biðlista í sínum byggðakjarna.

Í þeim byggðarkjörnum þar sem leikskólar eru með biðlista með börnum eldri en eins árs, er boðið upp á þjónustu dagforeldra, sé hægt að koma því við.

2. Skilyrði fyrir leikskóladvöl

Skilyrði fyrir inngöngu í leikskóla er að barn eigi lögheimili í Fjarðabyggð. Barnið getur verið á umsóknarlista þótt lögheimili sé annars staðar. Undantekningu frá kröfu um lögheimili í Fjarðabyggð má veita en þá skal liggja fyrir samþykki lögheimilissveitarfélags um að greiða Fjarðabyggð hlut sveitarfélagsins í leikskólagjöldum.

Foreldrar/forráðamenn barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta sótt um leikskólapláss í Fjarðabyggð. Það er skilyrði að foreldrar/forráðamenn og barn séu með fasta búsetu Fjarðabyggð, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 21/1990, og að gera megi ráð fyrir, að lögheimili þegar það er fengið, verði í Fjarðabyggð. Umsókn um undanþágu skal að jafnaði senda á netfangið fjardabyggd@fjardabyggd.is.

Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Fjarðabyggð með eftirfarandi gögnum:

Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016 þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis í Fjarðabyggð.

Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að



dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang í Fjarðabyggð.

Flóttamannahópar og flóttamenn, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við Fjarðabyggð þurfa að leggja fram staðfestingu þessa efnis.

Úthlutun er einnig háð því skilyrði að foreldri/forráðamaður sé ekki í vanskilum með leikskólagjöld. Ef um þriggja mánaða vanskil er að ræða er, að undangenginni viðvörur, heimilt að segja upp dvalarsamningi.

3. Úthlutun leikskólarýma, dvalarsamningur og uppsögn foreldra/forráðamanna

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að sækja um leikskóla sem fyrst. Aðalinnritun í leikskóla fer fram í apríl-máí og þá er úthlutað leikskólarýmum þeirra barna sem útskrifast.

Leikskólaganga hefst hjá flestum á tímabilinu júlí til september.

Þegar barn hefur fengið inngöngu í leikskóla fá foreldrar/forráðamenn sent bréf með upplýsingum um hvenær leikskólagangan hefst og skulu þeir staðfesta að þeir biggi leikskólavistun innan sjö daga frá dagsetningu bréfsins. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum/forráðamönnum innan tilskilins frests er barnið tekið af lista, að undangengnu viðtali við foreldra/forráðamenn, og öðru barni boðin vistun.

Leikskólastjóri tilkynnir foreldrum/forráðamönnum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu, eigi síðar en fjórum vikum áður en leikskóladvöl hefst. Biggi þeir ekki leikskólavistun strax, gefst þeim kostur á að halda henni í allt að fjórar vikur svo fremi að dvalargjald sé greitt. Einnig geta foreldrar/forráðamenn sótt um leyfi fyrir barn í allt að fjórar vikur á meðan á leikskóladvöl stendur og haldið dvalarsamningnum svo fremi að dvalargjald sé greitt.

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli og foreldrar/forráðamenn með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar/forráðamenn að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá leikskóla Fjarðabyggðar og reglur um leikskólapjónustu og skuldbinda sig til þess að hlita þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi miðast við 20. hvers mánaðar og tekur gildi næstu mánaðarmót á eftir. Uppsögn dvalarsamnings skal í öllum tilfellum vera skrifleg og skilast til leikskólastjóra. Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi.

4. Forgangur að leikskóla

Leikskólastjóra er heimilt að veita sérstakan forgang að leikskóla til barna ef sérstakar aðstæður mæla með því. Forgang má veita til...

- a) ...fatlaðra barna og barna með alvarleg þroskafrávik. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja.
- b) ...barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi. Vottorð frá félagsmálayfirvöldum skal fylgja.
- c) ...barna sem búa við alvarleg veikindi eða alvarlega fötlun hjá fjölskyldumeðlimum. Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn.
- d) ...barna foreldra sem eru undir lögaldri (18 ára).
- e) ...barna einstæðra foreldra með þrjú eða fleiri börn á framfæri enda sé elsta barnið ekki eldra en 9 ára.
- f) ...þríbura.



5. Opnunartími - skipulagsdagar og sumarleyfi leikskóla

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:30 til 16:30 og börn geta dvalið í leikskólanum í fjórar til níu klukkustund að hámarki á dag.

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Við gerð skóladagatal er miðað við að skipulagsdagar séu hafðir á sama tíma og frídagará nemenda í grunnskólam eftir því sem því verður við komið. Einnig eru leikskólar lokaðir 24. og 31.desember. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Börn sem dvelja í leikskólam Fjarðabyggðar taka að lágmarki fjögurra vikna sumarleyfi. Foreldrar/forráðamenn geta boðið börnum sínum upp á allt að átta vikna sumarleyfi innan tímabilsins frá 15. maí og 15. september og greiða þá hlutfallslega minna í leikskólagjöld. Sumarleyfi leikskólanna í Fjarðabyggð spanna u.p.b. two mánuði. Foreldrum/forráðamönnum gefst því tækifæri til að færa börn á milli leikskóla og fyrirtæki sem sækja vinnufl í marga byggðarkjarna eiga þannig auðveldara með að verða við óskum starfsmanna um sumarleyfi.

Skólaár leikskóla miðast við 1. ágúst til 31. júlí. Börn sem hefja grunnskólanám að hausti ljúka leikskólanámi sínu í síðasta lagi 31. júlí. Frá 1. ágúst og þar til grunnskólinn byrjar býðst börnum kostur á því að sækja sumarfrístund með nemendum í verðandi 2., 3. og 4. bekk grunnskóla.

6. Gjaldtaka

Fjarðabyggð greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólam Fjarðabyggðar. Foreldrar/forráðamenn greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum, svokölluð dvalargjöld. Einnig greiða þeir hluta kostnaðar við þær máltíðir sem börnin fá í leikskólanum, svokölluð fæðisgjöld. Dvalargjöld og fæðisgjöld nefnast einu nafni leikskólagjöld.

Leikskólagjöld á hverjum tíma eru samkvæmt gjaldskrá leikskóla Fjarðabyggðar og er hún birt á heimasiðu sveitarfélagsins undir liðnum gjaldskrár.

Eftirfarandi afslættir eru veittir af dvalargjöldum:

- a) systkinaafsláttur – 50% afsláttur á annað barn og 100% á börn umfram tvö.
- b) afsláttur til einstæðra foreldra – 30% afsláttur á barn. Staðfesting liggi fyrir um að viðkomandi sé einstætt foreldri.
- c) afsláttur til námsmanna ef báðir foreldrar eru í fullu námi – 30% afsláttur á barn. Staðfesting liggi fyrir um að viðkomandi séu í fullu námi.
- d) afsláttur ef foreldrar nýta ekki leikskólavistun dagana milli jóla og nýárs, í dymbilviku og vetrarleyfi grunnskóla.

Sækja þarf um afslátt undir liðum a, b og c og d. Hægt er að fá fæðisgjöld felld niður ef barn er fjarverandi 10 skóladaga samfellt eða lengur. Hægt er að fá fæðisgjöld felld niður ef foreldrar nýta ekki leikskólavistun dagana milli jóla og nýárs, í dymbilviku og vetrarleyfi grunnskóla. Hægt er fá dvalargjöld niður felld að hálfu ef um veikindi barns er að ræða sem varað hafa í fjórar vikur eða lengur. Leikskólastjóra er heimilt að kalla eftir læknisvottorði. Forföll langveikra barna og niðurfelling gjalda vegna þeirra eru metin af leikskólastjórum í hvert sinn.

Afsláttur frá dvalargjöldum er ekki veittur afturvirk og miðast hann við þann dag sem gögnum er skilað til leikskólastjóra. Þó er heimilt að leiðréttá leikskólagjöld einn mánuð afturvirk ef foreldri/forráðamaður hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim



tíma. Leiðréttинг leikskólagjalda kemur til frádráttar leikskólagjöldum næsta mánaðar eftir að leiðréttинг á sér stað.

Leikskólar Fjarðabyggðar eru lokaðir í 4 vikur vegna sumarleyfa. Leikskólagjöld eru greidd í 11 mánuði á ári. Foreldrar geta óskað eftir lengra sumarleyfi fyrir börn eða allt að 8 vikum og greiða þá hlutfallslega minna í leikskólagjöld. Beiðni um slíkt þarf að berast leikskólastjóra fyrir þann tímafrest sem leikskólastjóri setur.

7. Innheimta leikskólagjalda

Leikskólagjöld eru innheimt mánaðarlega fyrirfram. Eindagi er 15. hvers mánaðar. Leikskólagjöld eru ekki innheimt þann mánuð sem leikskólinn er lokaður. Séu leikskólagjöld ógreidd á eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbréf. Hafi krafa ekki verið greidd tveimur vikum eftir eindaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtusyrirtæki er hægt að semja um og greiða skuldina hjá innheimtusyrirtæki en einnig er hægt að snúa sér til fjármálasviðs Fjarðabyggðar um ráðgjöf. Krafa sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginnheimtu 105 dögum frá eindaga. Auk hefðbundinna dráttarvaxta fellur kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

8. Sérkennsla

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi/sérkennslu að halda samkvæmt mati viðurkenndra greiningaraðila fá stuðning/sérkennslu í leikskólanum að undangengnu samþykki fræðslustjóra.

Fjarðabyggð 17. apríl 2023

Jóna Árný Þórdardóttir
bæjarstjóri

Samþykkt á fundi fræðslunefndar 22. mars 2023.

Samþykkt á fundi bæjarráðs 27. mars 2023.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 29. mars 2023.